

10. grein Knattspyrnulaganna - Hvernig úrslit leikja ráðast Breytist þannig:

Framkvæmd

Núverandi framkvæmd vítaspyrnukeppni eins og henni er lýst í **10. grein - Hvernig úrslit leikja ráðast** gildir áfram, með neðangreindum breytingum [bláletruðum](#):

Áður en vítaspyrnukeppnin hefst

- (...)
- Dómarinn varpar síðan hlutkesti á ný og liðið sem vinnur hlutkestið ákveður hvort það taki fyrstu eða aðra spyrnuna.
- [Liðið sem tekur fyrstu spyrnuna kallast Lið A; liðið sem tekur aðra spyrnuna kallast lið B.](#)
- (...)

Á meðan á vítaspyrnukeppninni stendur

Bæði liðin skulu taka fimm spyrnur samkvæmt fyrirkomulaginu sem lýst er hér að neðan:

- Spyrnurnar eru teknar [þannig að eftir fyrstu spyrnuna skiptast liðin á eftir hverjar tvær spyrnur:](#)
 - 1. spyrna – Lið A
 - 2. spyrna – Lið B
 - 3. spyrna – Lið B
 - 4. spyrna – Lið A
 - 5. spyrna – Lið A
 - 6. spyrna – Lið B
 - 7. spyrna – Lið B
 - 8. spyrna – Lið A
 - 9. spyrna – Lið A
 - 10. spyrna – Lið B
 - 11. spyrna – Lið B
 - 12. spyrna – Lið A o.s.frv.